

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 frá 27. desember 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32004 R 2254**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 frá 27. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2254/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 24 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.